

125

3. júlí

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagskrána, samþykktir sjóðsstjórnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum þegar til kemur, styrkveitingar og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

Sjóðstjórninni ber ennfremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

8. gr.

Endurskoðendur skólareikninga héraðsskólans skulu endurskoða reikninga sjóðsins, og ber að láta þá fylgja skólareikningunum til endurskoðunar ár hvert. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

9. gr.

Ársreikningar sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðenda skulu birtar í skólaskýrslum héraðsskólans á Núpi eða í timariti héraðsskólanna.

10. gr.

Leggist héraðsskólinn á Núpi niður, verður sjóður þessi eign annars skóla innan Dýrafjarðar, sem starfar á líkum grundvelli eða annars unglingaskóla í Dýrafirði.

11. gr.

Skólanefnd héraðsskólans á Núpi tekur að sér að annast um hirðingu og blóma-gróður á leiði Bergs bónda Einarssonar, sem umgirt er í Núpskirkjugarði.

12. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Núpi, 24. maí 1939.

Skólanefnd héraðsskóla Vestfjarða að Núpi.

B. Guðmundsson **Örnólfur Valdimarsson.** **Eiríkur Þorsteinsson.**
(skólastjóri).

Halldór Kristjánsson. **Eiríkur J. Eiríksson.**

126

6. júlí

AUGLÝSING

um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

Samkvæmt lögum nr. 10 1. febr. 1936, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum, verða þeir, sem óska að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, sildarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, gærur, skinn eða ull, að fá til þess leyfi viðskiptamálaráðuneytisins.

Enn fremur verða þeir, sem óska, að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda hrogn, harðfisk eða lax, að fá til þess leyfi fiskimálanefndar.

Umsóknnum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana.

Brot á ákvæðum þessum verða sektum samkvæmt lögum.

Fyrri auglýsingar um þetta efni eru hirtu fallnar.

Viðskiptamálaráðuneytið, 6. júlí 1939.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Torfi Jóhannsson.